

Breytingar á uppgjorsreglum virðisaukaskatts o.fl. til skoðunar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur til skoðunar eftirfarandi breytingar á fyrirkomulagi við uppgjör á virðisaukaskatti. Horft er til þess að breytingarnar geti tekið gildi **1. janúar 2027**.

Uppgjörstímabil virðisaukaskatts og veltumörk

Uppgjörstímabil virðisaukaskatts verði einungis tvö, þ.e. eins mánaðar og tveggja mánaða uppgjörstímabil. Önnur uppgjörstímabil falli brott, s.s. sex mánaða skil, ársskil og bráðabirgðaskil.

Aðilar sem voru með ársveltu yfir 60 m.kr. á næstliðnu almanaksári fari í mánaðarskil. Aðrir verði í tveggja mánaða skilum nema þeir óski eftir því að vera í mánaðarskilum.

Aðilar í tveggja mánaða skilum færast sjálfkrafa í mánaðarskil, nái velta þeirra yfir 60 m.kr. innan almanaksársins. Þeir færast þá í mánaðarskil eftir að tveggja mánaða uppgjörstímabilinu, þegar þeir fóru yfir veltumörkin, lýkur. Aðilar í mánaðarskilum færast ekki sjálfkrafa í tveggja mánaða skil nái ársvelta síðastliðins árs ekki 60 m.kr. Þeir geti hins vegar óskað eftir því að fara í tveggja mánaða skil.

Gjaldlagi virðisaukaskatts

Gjaldlagi virðisaukaskatts verði 21. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Virðisaukaskattur vegna innflutnings vöru fyrir skattskylda starfsemi¹

Aðilar sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá, eru í skilum við ríkissjóð og sæta ekki áætlun virðisaukaskatts, þurfi ekki að greiða sérstaklega virðisaukaskatt vegna innflutnings vöru fyrir skattskylda starfsemi sína. Aðilar geri í staðinn grein fyrir virðisaukaskatti vegna innflutnings vöru á uppgjörstímabilinu í sérstökum (útskatts) reit á virðisaukaskattsskýrslu fyrir tímabilið. Á móti telji aðilar virðisaukaskatt vegna innflutnings vöru til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu. Aðilar, sem eru í vanskilum við ríkissjóð, greiði virðisaukaskatt vegna innflutnings vöru fyrir skattskylda starfsemi sína við tollafgreiðslu vörunnar. Að sama skapi greiði aðilar á virðisaukaskattsskrá einnig virðisaukaskatt við tollafgreiðslu vöru ef varan varðar ekki skattskylda starfsemi þeirra.

Greiðslufrestur á öðrum aðflutningsgjöldum en virðisaukaskatti vegna innflutnings á vöru fyrir skattskylda starfsemi

Ráðuneytið hefur enn fremur til skoðunar hvort tilefni sé til að breyta gildandi reglum um greiðslufrest aðila, sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá, á öðrum aðflutningsgjöldum til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á uppgjóri og skilum á virðisaukaskatti.

Tímalína

Fyrirhugað er að birta áformaskjöl um lagasetningu í samráðsgáttinni í nóvember 2025, því næst drög að frumvarpi í lok árs 2025/byrjun árs 2026. Áform eru um að leggja frumvarp fyrir Alþingi á vorþingi 2026.

¹ Með skattskyldri starfsemi er átt við starfsemi sem fellur undir lög um virðisaukaskatt. Nánar tiltekið sölu á vöru og þjónustu innanlands og út fyrir landsteinana, nema aðilar séu sérstaklega undanþegnir skattskyldu skv. 4. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Nánari upplýsingar

I. Gildandi reglur

1. Uppgjörstímabil virðisaukaskatts

Virðisaukaskattsskyldum aðilum ber að gera upp virðisaukaskatt eftir hvert uppgjörstímabil með greiðslu virðisaukaskatts ásamt rafrænni virðisaukaskattsskýrslu þar sem fram kemur m.a. skattskyld velta á uppgjörstímabilinu ásamt samsvarandi útskatti.

Meginreglan er sú að virðisaukaskattur er gerður upp fyrir tvo almanaksmánuði í senn, janúar og febrúar, mars og apríl o.s.frv., sbr. 1. mgr. 24. gr. laga [nr. 50/1988](#) um virðisaukaskatt (vskl.).

Frá meginreglunni eru allnokkrar **sérreglur**:

	Hverjir	Nánari lýsing
Vikuskil	Fiskvinnslufyrirtæki	Fiskvinnslufyrirtæki eru í 2ja mánaða skilum en hafa heimild til að skila sérstökum innskatts skýrslum á einnar viku fresti sem taka eingöngu til innskatts af hráefni til fiskvinnslunnar.
2ja vikna skil	Sláturleyfishafar	Sláturleyfishafar eru í 2ja mánaða skilum en hafa heimild til að skila sérstökum innskatts skýrslum á 2ja vikna fresti á haustin, í alls 5 skipti eða 10 vikur. Markmiðið er að sláturleyfishafar geti fengið innskatt af hráefni greiddan örar. Uppgjörstímabilin eru 1.-15.sept., 16.-31. sept. o.s.frv. til og með 15. nóv.
Mánaðarskil	1) Þeir sem eru með 12. gr. veltu 2) Sala í lægra VSK-þrepi (11%) 3) Áður afskráðir af VSK-skrá vegna áætlana, vanskila eða ekki sinnt beiðnum Skattsins um upplýsingar um reksturinn. Hafa orðið gjaldþrota á sl. 5 árum eða hafa tengsl við félög sem hafa orðið gjaldþrota á sl. 5 árum.	1) Heimild fyrir þá sem eru að jafnaði með innskatt hærri en útskatt þar sem veltan/salan er án vsk. (útflutningur o.fl.) 2) Heimild ef meirihluti aðfanga þeirra er í almenna VSK þrepinu (24%) 3) Skylda ef áður úrskurðaður af VSK-skrá vegna áætlana eða vanskila (VSK eða opinber gjöld) eða fyrir að hafa ekki orðið við ítrekaðri beiðni Skattsins um að leggja fram gögn um rekstur sinn. Einnig skylda hjá einstaklingum sem hafa orðið gjaldþrota og hjá einstaklingum og félögum, sem tengjast félögum sem hafa orðið gjaldþrota.
6 mánaða skil	Landbúnaður	Skylda. Geta óskað eftir aukauppgjöri á VSK innan sex mánaða tímabils ef þeir eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu VSK vegna kaupa á fjárfestingar- og rekstrarvörum. Ef aðili hefur 60% eða meira af heildarvinnurekstrartekjum sínum af annars konar starfsemi en landbúnaði ber honum að vera í 2ja mánaða skilum.
Ársskil	Þeir sem eru með heildarveltu undir 4 m.kr. á næstliðnu almanaksári geta óskað eftir því að fara í ársskil næsta almanaksár. Detta aftur í 2ja mánaða skil ef veltan fer yfir 4 m.kr.	* Gildir ekki fyrir bændur, þá sem eru í mánaðarskilum af tegund 3) hér að framan, þá sem hafa heimild til að nota sérstakt uppgjörstímabil, erlenda umboðsmenn og þá sem eru með sérstaka eða frjálssa VSK-skráningu (bygging og leiga á atvinnuhúsnæði).
Tímabundin uppgjörstímabil	Nær til hvers konar starfsemi	Heimild. Tekur til tímabilsins sem starfsemi varir. Uppgjörstímabil getur hið skemmsta verið einn mánuður og lengst tveir mánuðir.

2. Gjalddagar virðisaukaskatts

Gjalddagi virðisaukaskatts hjá þeim sem eru í 2ja mánaða skilum er 5. dagur annars mánaðar frá lokum uppgjörstímabils. Gjalddagi fyrir tímabilið janúar og febrúar er þá 5. apríl og svo koll af kolli, sbr. 4. mgr. 24. gr. vskl.

Gjalddagar fyrir önnur uppgjörstímabil eru sem hér segir:

	Hverjir	Gjalddagar
Vikuskil	Fiskvinnslufyrirtæki	Skýrslur afgreiddar án ástæðulauss dráttar eftir lok uppgjörstímabils.
2ja vikna skil	Sláturleyfishafar	Skýrslur afgreiddar án ástæðulauss dráttar eftir lok uppgjörstímabils.
Mánaðarskil	1) Þeir sem eru með 12. gr. veltu	Gjalddagi = 1 mánuði og 5 dögum eftir lok uppgjörstímabils.
	2) Sala í lægra VSK-þrepi (11%)	Gjalddagi = 1 mánuði og 5 dögum eftir lok uppgjörstímabils.
	3) 3) Áður afskráðir af VSK-skrá vegna áætlana, vanskila eða ekki sinnt beiðnum Skattsins um upplýsingar um reksturinn. Hafa orðið gjaldþrota á sl. 5 árum eða hafa tengsl við félög sem hafa orðið gjaldþrota á sl. 5 árum.	Gjalddagi = 15 dögum eftir lok uppgjörstímabils.
6 mánaða skil	Landbúnaður	Gjalddagar 1. sept. fyrir jan-jún og 1. mars næsta árs fyrir júl-des.
Ársskil	Þeir sem eru með heildarveltu undir 4 m.kr. á næstuliðnu almanaksári geta óskað eftir því að fara í ársskil næsta almanaksár. Detta aftur í 2ja mánaða skil ef veltan fer yfir 4 m.kr.	Gjalddagi 5. febrúar næsta árs.
Tímabundin uppgjörstímabil	Nær til hvers konar starfsemi	Gjalddagi 1 mánuði og 5 dögum eftir lok uppgjörstímabils.

Í tilviki þeirra, sem hafa heimild til að skila inn bráðabirgðaskýrslum annars vegar einu sinni í viku (fiskvinnslufyrirtæki) og hins vegar á tveggja vikna fresti (sláturleyfishafar), fimm sinnum á haustin, er um inneignarskýrslur að ræða (eingöngu innskattur) og því þurfa aðilar ekki að inna af hendi neina greiðslu. Það sama á við um þá sem eru í mánaðarskilum vegna þess að þeir eru að jafnaði með innskatt hærri en útskatt. Það eru þeir sem eru með veltu sem fellur undir 12. gr. vskl. (útflutningur o.fl.) eða eru að selja vöru og þjónustu í lægra virðisaukaskattsþrepi (11%).

3. Virðisaukaskattur í tolli vegna innflutnings vöru

Greiða ber virðisaukaskatt af innfluttri vöru og er hann lagður á við tollafgreiðslu vörunnar. Aðilar sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá njóta sjálfkrafa greiðslufrests á virðisaukaskatti sem og öðrum aðflutningsgjöldum við innflutning enda séu þeir í skilum við ríkissjóð, sbr. 121. gr. tollalaga [nr. 88/2005](#).² Þegar greiðslufrestur er veittur er hvert uppgjörstímabil aðflutningsgjalda tveir mánuðir,

² Samkvæmt upplýsingum frá tollasviði Skattsins hefur verið miðað við vanskil vegna innflutnings og, eftir atvikum, vanskil á öðrum sköttum og gjöldum sem töllyfirvöld innheimta. Önnur vanskil við ríkissjóð virðast ekki leiða til þess að heimild aðila til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum falli brott. Því virðist sem framkvæmdin sé ekki fyllilega í samræmi við lagatextann.

janúar og febrúar, mars og apríl og svo koll af kolli. Gjalddagi skuldfærðs virðisaukaskatts og annarra aðflutningsgjalda er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Gjalddagi fyrir janúar og febrúar er því 15. mars o.s.frv. Virðisaukaskatt vegna innflutnings á tímabilinu janúar-febrúar telur aðili síðan til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu fyrir sama uppgjörstímabil, sem er á gjalddaga 5. apríl, enda hafi hann þá þegar greitt virðisaukaskatt í tolli.³

Ríkisskattstjóra er heimilt, á grundvelli umsóknar, að fresta gjalddaga skuldfærðs virðisaukaskatts í tolli fram að uppgjöri virðisaukaskatts fyrir sama uppgjörstímabil (þ.e. frá 15. mars til 5. apríl fyrir tímabilið janúar-febrúar) en þó eingöngu hjá þeim aðilum sem eru að jafnaði með lægri útskatt en innskatt þar sem verulegur hluti veltunnar er undanþeginn virðisaukaskatti skv. 1. mgr. 12. gr. vskl. Sú heimild gildir í 12 mánuði í senn.⁴

³ Í 7. mgr. 20. gr. vskl. kemur fram að til sönnunar á innskatti skuli aðili geta lagt fram greiðsluskjal frá tollyfirvöldum fyrir virðisaukaskatti sem lagður er á þær vörur sem hann flytur inn. Þetta hefur verið túlkað með þeim hætti að ekki sé heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna innflutnings sem ekki er greiddur.

⁴ Síðla árs 2008, í kjölfarið á bankahruninu, var lögfest ákvæði til bráðabirgða í tollalögum sem heimilaði aðilum á virðisaukaskattsskrá að fresta að hluta greiðslu aðflutningsgjalda, þ.m.t. virðisaukaskatts, vegna uppgjörstímabilsins september og október 2008. Þar aðilum að greiða þriðjung sama dag og frestunin var lögð til og lögfest, tveimur dögum eftir hefðbundinn gjalddaga eða 17. nóvember 2008, þriðjungur var frestað um mánuð, til 15. desember 2008, og þriðjungur var frestað um tvo mánuði, til 5. janúar 2009. Á árunum 2009 til og með 2016 voru lengst af í gildi hliðstæð ákvæði til bráðabirgða um aukinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, fyrir öll uppgjörstímabil ársins eða að hluta, þar sem greiðslum var ýmist skipt í þrennt, líkt og greinir hér að framan, eða í tvennt. Í Covid-heimsfaraldrinum voru einnig lögfest ákvæði til bráðabirgða í tollalögum sem heimiluðu aðilum að fresta greiðslu á öllum aðflutningsgjöldum fyrir uppgjörstímabilin mars-apríl til og með nóvember-desember 2020 fram að gjalddaga hefðbundinna virðisaukaskattsskila fyrir umrædd uppgjörstímabil.

II. Gagnrýni á gildandi fyrirkomulag

Lög um virðisaukaskatt tóku gildi 1. janúar 1990. Ákvæði í vskl. um uppgjörstímabil og gjalddaga hafa mikið til verið óbreytt frá því lögin komu fyrst til framkvæmda. Segja má að gildandi fyrirkomulag um uppgjör virðisaukaskatts miðist að mörgu leyti enn við aðstæður í þjóðfélaginu á upphafsárum virðisaukaskattsins, m.a. í samgöngum, fjarskiptum og skattskilum. Þá var virðisaukaskattsskýrslum skilað á pappírformi og virðisaukaskattur greiddur hjá innheimtumanni ríkissjóðs (Tollstjóranum í Reykjavík og sýslumönnum úti á landi) eða í bankaútibúum. Í dreifbýli þurfti oft á tíðum að fara um langan veg til að framkvæma þessar athafnir. Í dag er virðisaukaskattsskýrslum skilað með rafrænum hætti og greiðslukröfur stofnast í netbönkum samstundis. Þá hefur færsla bókhalds þróast mikið á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku vskl. Bókhaldskerfi eru orðin rafræn og sjálfvirkari og þar með hraðvirkari. T.a.m. er nú bæði einfaldara og fljótlegra að keyra út úr bókhaldskerfum allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir skil á virðisaukaskattsskýrslum.

Gildandi fyrirkomulag við uppgjör og skil á virðisaukaskatti hefur verið gagnrýnt. Helstu atriðin sem nefnd hafa verið í því sambandi eru sem hér segir:

1. Leiðir til hærri fjármagnskostnaðar fyrir ríkissjóð

Ríkissjóður er einkum fjármagnaður með sköttum og er virðisaukaskattur stærsti einstaki tekjustofn ríkisins. Fjármögnun ríkissjóðs er með svipuðum hætti á Íslandi og í öðrum löndum með þróaða fjármálamarkaði. Lánsfjárbörf ríkissjóðs á ársgrundvelli er að mestu leyti mætt með útgáfu ríkisskuldabréfa. Árstíðarsveiflum á milli mánaða og innan ársins er mætt með útgáfu ríkisvíxla og þegar aðstæður á markaði leyfa eru skammtímalán á milli ríkissjóðs og viðskiptabanka nýtt til að jafna sjóðstöðu og afla vaxtatekna til skamms tíma, t.a.m. innan mánaðar. Þá getur ríkissjóður gert tímabundinn gjaldeyrisskiptasamning við Seðlabanka Íslands. Ríkissjóði er hins vegar óheimilt lögum samkvæmt að taka yfirdrátt hjá Seðlabanka Íslands. Tækin sem ríkissjóður hefur til skammtíma fjármögnunar, sem eru fyrst og fremst peningamarkaðslán, eru ekki nógu sveigjanleg og ekki alltaf tiltæk til að jafna sjóðstöðu hans. Í [stefnu um lánamál ríkissjóðs](#) kemur fram að sjóðstaða skuli að jafnaði nema 40 ma.kr. Þegar háar útgreiðslur úr ríkissjóði eiga sér stað þarf sjóðstaðan að vera hærri en því nemur, en hærri sjóðstöðu fylgir meiri fjármagnskostnaður.

Álagður virðisaukaskattur í tolli vegna innflutnings á vörum berst ríkissjóði 15. dag oddatöllumánaða. Virðisaukaskattur af skattskyldri starfsemi innanlands berst 5. dag sléttöllumánaða. Útgreiðslur úr ríkissjóði, þ.m.t. laun o.fl., eiga sér hins vegar að mestu leyti stað 1. dag hvers mánaðar. Þetta fyrirkomulag hefur það í för með sér að í aðstæðum hallarekstrar þarf ríkissjóður að taka lán til að eiga fyrir útgjöldum fyrsta dag mánaðar á meðan ríkissjóður bíður eftir tekjunum sem berast annars vegar 5. dag og hins vegar 15. dag mánaðarins. Ef afkoma ríkissjóðs er jákvæð verður hann hins vegar af vaxtatekjum. Í alþjóðlegum samanburði er töfin á innheimtu virðisaukaskatts nokkuð mikil hér á landi sem leiðir að jafnaði til hærri fjármagnskostnaðar fyrir ríkissjóð en þyrfti að vera.

2. Lengri uppgjörstímabil auka líkur á vanskilum á virðisaukaskatti

Virðisaukaskattur er vörsluskattur sem aðilum á virðisaukaskattsskrá ber að innheimta og skila í ríkissjóð. Eftir því sem lengri tími líður frá því að vörsluskattur er innheimtur þar til standa ber skil á honum kunna að aukast líkur á að aðili ráðstafi fjármuninum í aðrar skuldbindingar með þeim afleiðingum að geta ekki staðið með fullnægjandi hætti skil á innheimtum virðisaukaskatti til ríkissjóðs á réttum tíma.

3. Lengri uppgjörstímabil eru til hagsbóta fyrir þá sem misnota virðisaukaskattskerfið

Áhætta af skattsvikum er metin mikil samkvæmt [áhættumati](#) ríkislögreglustjóra um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka frá desember 2023. Þar segir enn fremur að mikið beri á brotum sem tengjast virðisaukaskattskerfinu og er útgáfa tilhæfulausra reikninga sérstaklega nefnd í því sambandi. Þá eru gefnir út sölureikningar, oftast með virðisaukaskatti, sem enginn grundvöllur er fyrir. Þeir eru að jafnaði gefnir út til að nýta sem rekstrargjöld og til færslu innskatts hjá kaupanda. Kaupandinn greiðir seljanda heildarandvirði sölureikningsins með rafrænum hætti og seljandi tekur það síðan út í reiðufé. Slóð fjármunanna hverfur og seljandi skilar ekki virðisaukaskatti sem hann innheimti við útgáfu á sölureikningi.

Lengri uppgjörstímabil gefa aðilum sem stunda þess konar háttsemi meiri tíma til að starfa óáreittir við þessa iðju. T.d. ef seljandi er í ársskilum, þ.e. skilar virðisaukaskatti árlega, geta liðið rúmir 13 mánuðir þar til hann þarf að gera grein fyrir starfsemi sinni til Skattsins. Dæmi eru um að á því tímabili hafi seljandi gefið út umtalsverðan fjölda tilhæfulausra sölureikninga fyrir háar fjárhæðir. Þegar ríkisskattstjóri hefst handa við að athuga nánar starfsemi seljenda eru margir hverjir, eða fyrirsvarsmenn þeirra, þegar um félög er að ræða, farnir af landi brott eða finnast ekki. Ef næst í þá gangast þeir í sumum tilvikum við brotum sínum en þá er skaðinn þegar skeður.⁵

Mikilvægt er að draga sem fyrst fram í dagsljósið þá aðila sem eru að misnota virðisaukaskattskerfið. Leiðir ríkisskattstjóra til að viðhafa áhættumiðað eftirlit með þeim sem óska eftir skráningu á virðisaukaskattsskrá eru fyrst og fremst fölgjar í heimildum hans til að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá vegna fyrri vanskila eða vanhalda á skýrsluskilum annars vegar og heimildum hans til að skrá aðila í mánaðarskil í stað 2ja mánaða skila vegna fyrri hegðunar hans eða lögaðilum honum tengdum hins vegar.⁶ Nánar tiltekið getur ríkisskattstjóri synjað aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá ef opinber gjöld hans eru áætluð eða í vanskilum á einhverju af næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu á virðisaukaskattsskrá eða ef hann hefur ekki gert fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslum eða virðisaukaskatti. Þá getur ríkisskattstjóri gert aðila, við skráningu á virðisaukaskattsskrá, að nota almanaksmánuð sem uppgjörstímabil virðisaukaskatts fyrstu tvö árin ef hann hefur áður verið úrskurðaður af virðisaukaskattsskrá vegna þess að hann sætti áætlunum virðisaukaskatts eða opinberra gjalda, var í vanskilum með virðisaukaskatt eða sinnti ekki ítrekaðri beiðni ríkisskattstjóra um að veita upplýsingar um rekstur sinn. Einnig getur ríkisskattstjóri gert einstaklingum, sem hafa orðið gjaldþrota á sl. fimm árum, og einstaklingum og lögaðilum, sem hafa ákveðin tengsl við félög sem hafa orðið gjaldþrota á sl. 5 árum, að nota almanaksmánuð sem uppgjörstímabil virðisaukaskatts fyrstu tvö árin.⁷

⁵ Sjá nánar [skýrslu](#) starfshóps á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem birtist á vef Stjórnarráðsins 25. apríl 2023, og fjallaði um útgáfu tilhæfulausra sölureikninga og tillögur til úrbóta.

⁶ Skattyfirvöld í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi viðhafa viðtækara áhættumiðað eftirlit í virðisaukaskatti. Í Noregi er aukid eftirlit með aðilum sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá ef talin er hætt á að þeir fari ekki að skattareglum annað hvort af ásetningi eða vegna þekkingarskorts. Í Svíþjóð ræður m.a. atvinnugreinaflokkun og fjárhagslegt mynstur aðilans því hverskonar eftirlit er viðhaft með aðilanum. Í Finnlandi eru m.a. skoðuð tengsl milli einstaklinga og lögaðila og í Danmörku eru m.a. skoðaðar persónulegar aðstæður aðila og allar skattaskuldir hans yfir ákveðið tímabil.

⁷ Nánar tiltekið þurfa aðilar, við nýskráningu eða endurskráningu á virðisaukaskattsskrá, að nota almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í a.m.k. tvö ár ef þeir hafa orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu. Sama gildir um félag ef eigandi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri þess hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu. Þetta gildir einnig um einstaklinga sem óska eftir skráningu á virðisaukaskattsskrá og hafa verið eigendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í gjaldþrota félögum einhvern tímann á síðustu tólf mánuðum fyrir gjaldprot þeirra. Þetta gildir einnig um félög sem óska eftir skráningu á virðisaukaskattsskrá og eigendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar þess hafa verið eigendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í gjaldþrota félögum einhvern tímann á síðustu tólf mánuðum fyrir gjaldprot þeirra.

Framangreindar heimildir ríkisskattstjóra duga ekki í baráttunni við þá sem ætla sér að misnota virðisaukaskattskerfið. Til að styrkja enn frekar eftirlit ríkisskattstjóra með aðilum á virðisaukaskattsskrá og um leið draga þá sem misnota virðisaukaskattskerfið sem fyrst fram í dagsljósið, er mikilvægt að hafa uppgjörstímabil virðisaukaskatts sem styst. Því styttri sem uppgjörstímabilin eru því fyrr getur ríkisskattstjóri brugðist við og eftir atvikum beitt heimildum sínum til að úrskurða aðila af virðisaukaskattsskrá, m.a. ef hann hefur sætt áætlun virðisaukaskatts í tvö uppgjörstímabil eða fleiri eða er í vanskilum með álagðan virðisaukaskatt.⁸ Með því að afskrá þess háttar aðila sem fyrst af virðisaukaskattsskrá er komið í veg fyrir áframhaldandi misnotkun. Enn fremur má gera ráð fyrir að styttri uppgjörstímabil dragi úr freistni aðila til að taka upp iðju sem felur í sér misnotkun á virðisaukaskattskerfinu.

Rétt er að geta þess að nú þegar hefur verið stigið fyrsta skrefið í styttingu uppgjörstímabila. Í apríl 2024 var þrengt verulega að ársskilum virðisaukaskatts. Fyrir breytinguna var öllum einstaklingum, sem voru að hefja rekstur, skylt að byrja í ársskilum virðisaukaskatts. Nú fara allir, sem eru að hefja rekstur, í 2ja mánaða skil.⁹ Enn fremur hafði bæði einstaklingum og félögum sem voru með veltu undir 4 m.kr. á næstliðnu heila almanaksári verið gert skylt að nota árið sem uppgjörstímabil á næsta almanaksári. Eftir breytinguna gerist þetta ekki lengur sjálfkrafa heldur þurfa aðilar nú að sækjast sérstaklega eftir því með umsókn til Skattsins að nota almanaksárið sem uppgjörstímabil. Skilyrði fyrir slíku leyfi er að velta á næstliðnu heilu almanaksári sé undir 4 m.kr.

4. Uppgjör á virðisaukaskatti vegna innflutnings er íþyngjandi fyrir aðila á virðisaukaskattsskrá

Uppgjör á virðisaukaskatti í tolli, vegna innflutnings á vöru til virðisaukaskattskyldrar starfsemi, hefur einnig verið gagnrýnt. Aðilar á virðisaukaskattsskrá, sem eru í tveggja mánaða skilum, þurfa að greiða virðisaukaskatt í tolli að jafnaði 20 dögum fyrir hefðbundinn gjalddaga virðisaukaskatts. Við uppgjör á virðisaukaskatti á hefðbundnum gjalddaga virðisaukaskatts er virðisaukaskattur í tolli talinn til innskatts og kemur því til frádráttar innheimtum virðisaukaskatti (útskatti). M.ö.o. þá greiða aðilar virðisaukaskatt í tolli og fá hann svo „endurgreiddan“ í fyrsta lagi 20 dögum síðar, í formi innskattsfrádráttar.¹⁰ Í þeim tilvikum þegar um er að ræða svokallaða inneignarskýrslu, þ.e. virðisaukaskattsskýrslu þar sem innskattur er hærri en útskattur, hefur Skatturinn 21 dag frá gjalddaga virðisaukaskatts til að afgreiða inneignarskýrsluna og endurgreiða aðila virðisaukaskattinn. Þannig getur aðili sem skilar inneignarskýrslu, og innskattur er tilkominn vegna innflutnings, þurft að bíða í 41 dag frá því að hann greiddi virðisaukaskatt í tolli og þar til virðisaukaskattur er endurgreiddur. Virðisaukaskattsskyldir aðilar hafa gagnrýnt framangreint fyrirkomulag við uppgjör á virðisaukaskatti í tolli og benda á að það sé með öðrum hætti í nágrannalöndum okkar.

⁸ Heimildina er að finna í 10. mgr. 5. gr. vskl. Þar segir enn fremur að í stað fullnægjandi skila á virðisaukaskatti getur ríkisskattstjóri heimilað aðila að leggja fram tryggingu í formi skilyrðislausrar sjálfskuldarábyrgðar banka fyrir vangreiddum virðisaukaskatti að viðbættu álagi, vöxtum og innheimtukostnaði.

⁹ Sjá nánar reglugerð [nr. 493/2024](#) um breytingu á reglugerð [nr. 667/1995](#) um framtal og skil á virðisaukaskatti.

¹⁰ Þetta gildir ekki um þá sem hafa fengið heimild ríkisskattstjóra til að fresta greiðslu aðflutningsgjalda fram að gjalddaga virðisaukaskatts, sbr. 3. mgr. 122. gr. tollalaga. Þeir þurfa engu að síður að greiða aðflutningsgjöldin á almennum gjalddaga virðisaukaskatts. Ef virðisaukaskattsskýrslan er svokölluð inneignarskýrsla, þ.e. innskattur er hærri en útskattur t.d. ef aðili er í útflutningi, getur hann þurft að bíða í allt að 21 dag frá gjalddaga virðisaukaskatts skila þar til hann fær skattinn endurgreiddan. Skv. upplýsingum frá ríkisskattstjóra er meðal afgreiðslutími inneignarskýrslna þó ekki nema rúmir 4 dagar.

5. Styður illa við innlenda og alþjóðlega hagskýrslugerð

Gögn um virðisaukaskatt, sem er að finna í virðisaukaskattsskýrslum aðila, eru mikilvæg aðföng í hagskýrslugerð hjá Hagstofu Íslands. Þer þar helst að nefna þjóðhagsreikninga um t.d. neyslu, fjárfestingu og hagvöxt í hagkerfinu. Uppgjör þjóðhagsreikninga er árlegt og ársfjórðungslegt. Tveggja mánaða uppgjörstímabil virðisaukaskatts fellur illa að þeirri tíðni. Leyst er úr skorti á raungögnum í dag með tilteknum matsaðferðum og aukalegri gagnaöflun Hagstofu hjá hópi fyrirtækja með talsverðum tilkostnaði fyrir alla hlutaðeigandi. Fyrirséð er að slík upplýsingaöflun frá fyrirtækjum muni að óbreyttu aukast vegna yfirstandandi umbóta á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga.

Hagstofa hefur enn fremur skyldum að gegna gagnvart alþjóðlegum stofnunum varðandi birtingu hagskýrslna. Ísland hefur hins vegar lengi verið eftirbátur annarra Evrópuríkja hvað varðar tímanleika og gæði gagna á þessu sviði. T.a.m. er Ísland nú eitt fárra ríkja innan Evrópu sem ekki birtir frummat á þróun vergrar landsframleiðslu, VLF, innan 30-45 daga frá lokum ársfjórðungs en skortur á mánaðarlegum gögnum um virðisaukaskattsskylda veltu er þar hamlandi þáttur.

Þá er mikil eftirspurn eftir skammtímahagvísunum frá Hagstofu, ekki síst innanlands. Hagstofa birtir gögn um virðisaukaskattsskylda veltu á tveggja mánaða fresti en fær reglulega óskir frá notendum um að birta gögnin mánaðarlega. Krafa bæði innanlands og utan úr heimi um mánaðarlega birtingartíðni lykilstærða um íslenskt efnahagslíf mun án efa aukast fremur en hitt.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að draga eins og kostur er úr óvissu við gerð þjóðhagsreikninga. Notendur þjóðhagsreikninga, skammtímahagvísna og annarrar tölfræði Hagstofu eru margir. Tölfræðin veitir grundvallarupplýsingar og leiðsögn við stefnumótun, áætlanagerð og hagstjórn, hvort sem litið er til stjórnar peningamála, fjármálastöðugleika eða opinberra fjármála. Hagstjórnin hefur áhrif á velsæld heimila og fyrirtækja um samfélagið allt og þarf að byggjast á eins nýjum upplýsingum og mögulegt er. Eru þá ónefnd rannsókn- og fræðastörf sem m.a. gefa færi á samanburði við nágrannaríki og eru litlu ríki eins og Íslandi afar mikilvæg.

Hagstofa Íslands hefur ítrekað vakið máls á því við ráðuneytið að aukin uppgjörstíðni virðisaukaskatts sé mikið hagsmunamál fyrir framleiðendur og notendur hagskýrslna um íslensk efnahagsmál. Einfaldasta og hagkvæmasta leiðin til að ná slíku fram væri að mati Hagstofu sú að stytta uppgjörstímabil virðisaukaskatts í einn mánuð.

III. Uppgjör og skil á virðisaukaskatti – hjá hinum Norðurlöndunum og í ríkjum ESB

1. Uppgjörstímabil virðisaukaskatts hjá hinum Norðurlöndunum

Í Noregi eru tvenns konar uppgjörstímabil: tveir mánuðir og almanaksárið. Í Svíþjóð og Finnlandi eru uppgjörstímabilin þrjú: einn mánuður, þrjú mánuðir og almanaksárið. Í Danmörku eru uppgjörstímabilin einnig þrjú: einn mánuður, þrjú mánuðir og sex mánuðir.

Í öllum tilvikum er það heildarvelta aðila á næstliðnu almanaksári sem ræður uppgjörstímabili næsta árs. Þá geta aðilar í öllum tilvikum óskað eftir því að færa sig yfir í styttra uppgjörstímabil en velta ársins á undan segir til um. Þannig getur aðili t.d. í Svíþjóð, sem samkvæmt veltu ætti að skila virðisaukaskatti ársfjórðungslega, óskað eftir því að skila skattinum mánaðarlega.

Veltumörk fyrir mánaðarskil eru mismunandi milli ríkjanna þriggja. Í Danmörku eru þeir í mánaðarskilum sem eru með ársveltu yfir 1 ma.kr. Í Svíþjóð miðast mánaðarskil við ársveltu yfir 540 m.kr. og í Finnlandi miðast mánaðarskilin við ársveltu yfir 15 m.kr.¹¹ Noregur er ekki með eins mánaðar uppgjörstímabil. Þar eru þeir í tveggja mánaða skilum sem eru með ársveltu yfir 13,6 m.kr.

Sjá nánar töflu yfir uppgjörstímabil virðisaukaskatts og veltumörk hjá hinum Norðurlöndunum í viðauka I.

2. Gjalddagar virðisaukaskatts hjá hinum Norðurlöndunum

Í Danmörku er gjalddagi mánaðarskila 25. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils og í Svíþjóð degi síðar eða þann 26. Í Finnlandi er gjalddagi mánaðarskila hins vegar 12. dag annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Gjalddagi tveggja mánaða skila í Noregi er 10. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Í Svíþjóð er gjalddagi árfjórðungsskila 12. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabil. Í Danmörku er gjalddagi ársfjórðungsskila og hálfárs skila 1. dagur þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils (t.a.m. er gjalddaginn 1. mars fyrir uppgjörstímabilið 1. október til 31. desember). Gjalddagi árskila í Finnlandi er í lok febrúar næsta ár á meðan gjalddagi árskila í Noregi er 10. mars næsta árs. Í Svíþjóð er virðisaukaskatti í ársskilum skilað með skattframtali.

Sjá nánar yfirlit yfir gjalddaga virðisaukaskatts á öðrum Norðurlöndum í viðauka I.

3. Uppgjörstímabil virðisaukaskatts í ríkjum ESB¹²

ESB ríkin eru 27 talsins. Tvö ríki eru aðeins með eitt uppgjörstímabil; mánaðarskil,¹³ 13 ríki (48,1%) eru með tvö uppgjörstímabil; mánaðarskil og ársfjórðungsskil,¹⁴ 10 ríki (37%) eru með þrjú uppgjörstímabil; mánaðarskil, ársfjórðungsskil og hálfársrskil eða ársskil,¹⁵ eitt ríki með fjögur

¹¹ Samkvæmt upplýsingum frá finnskum skattyfirvöldum eru ástæður fyrir lágum veltumörkum mánaðarskila virðisaukaskatts í Finnlandi þau að lengri uppgjörstímabilum fylgi aukin freistni fyrir aðila til þess að ráðstafa innheimtum virðisaukaskatti, sem sannarlega tilheyrir ríkissjóði, til greiðslu á öðrum skuldbindingum. Þá þrengi stutt uppgjörstímabil verulega að möguleikum aðila til að misnota virðisaukaskattskerfið.

¹² Umfjöllun í kafla III.3 byggir á upplýsingum úr bókinni *EU VAT Compass 2023/2024*, ritstj. Fabiola Annacondia (Amsterdam: IBFD, 2023).

¹³ Búlgaría og Eistland.

¹⁴ Lettland, Austurríki, Slóvakía, Króatía, Slóvenía, Tékkland, Ítalía, Portúgal, Grikkland, Belgía, Spánn, Kýpur og Pólland.

¹⁵ Finnland, Frakkland, Litháen, Lúxemborg, Svíþjóð, Danmörk, Holland, Malta, Ungverjaland og Þýskaland.

uppgjörstímabil¹⁶ og eitt ríki er með fimm uppgjörstímabil.¹⁷ Aðeins eitt ríki af 27 ríkjum er með 2ja mánaða skil.¹⁸

Í 18 ríkjum af þeim 25 ESB ríkjum (72%) sem eru með fleiri en eitt uppgjörstímabil, er það velta aðila frá næstliðnu almanaksári sem ræður því hvaða uppgjörstímabil hann notar árið á eftir. Hjá tveimur ríkjum, af þessum 25 ríkjum, ræðst uppgjörstímabil af þeim virðisaukaskatti sem skilað var á næstliðnu almanaksári.¹⁹ Hjá þremur ríkjum er það í höndum skattýfirvalda, og eftir atvikum aðila sjálfs, að ákveða uppgjörstímabil hans. Aðeins hjá tveimur ríkjum standa mánaðarskil eingöngu þeim aðilum til boða sem eru að jafnaði með innskatt hærrí en útskatt án tillits til ársveltu ársins á undan.²⁰

Af þeim 18 ESB ríkjum þar sem velta aðila á næstliðnu almanaksári ræður því hvaða uppgjörstímabil hann notar eru veltumörk fyrir mánaðarskil lægri en 62 m.kr. hjá 10 ríkjum (55,6%). Veltumörk fyrir mánaðarskil hjá hinum 8 ríkjunum (44,4%) eru á bilinu 75 m.kr. til 1 ma.kr.

Sjá nánar yfirlit yfir uppgjörstímabil virðisaukaskatts og veltumörk í ríkjum ESB í viðauka II.

4. Gjalddagar virðisaukaskatts í ríkjum ESB

Hjá 22 ESB ríkjum af 27 (81,4%) er gjalddagi virðisaukaskatts í næsta mánuði eftir lok uppgjörstímabils. Hjá átta ríkjum af þessum 22 ríkjum (38%) er gjalddaginn á tímabilinu frá 10. degi og fram til 20. dags. Hjá sjö af 22 ríkjum (33%) er gjalddaginn á tímabilinu frá 21. degi og fram til 25. dags. Hjá sex ríkjum af 22 ríkjum (29%) er gjalddaginn á tímabilinu frá 26. degi og fram til síðasta dags mánaðarins.

Hjá fimm ESB ríkjum af 27 (18,6%) er gjalddagi virðisaukaskatts í öðrum mánuði eftir lok uppgjörstímabils, á tímabilinu frá 10. degi og fram til 15. dags þess mánaðar.²¹

Sjá nánar yfirlit yfir gjalddaga virðisaukaskatts í ríkjum ESB í viðauka II.

5. Virðisaukaskattur vegna innflutnings á vöru fyrir skattskylda starfsemi hjá hinum Norðurlöndunum og í ríkjum ESB

Hjá hinum Norðurlöndunum og í flestum ríkjum Evrópusambandsins hefur sú regla verið innleidd að aðilar, sem skráðir eru á virðisaukattsskrá í viðkomandi ríki, greiða ekki virðisaukaskatt við innflutning á vörum til virðisaukattsskyldrar starfsemi sinnar heldur geta þeir gert grein fyrir álöögðum virðisaukaskatti við tollafgreiðslu vegna innflutnings á virðisaukattsskýrslu fyrir það uppgjörstímabil þegar innflutningur átti sér stað, nokkurs konar útskattur. Á sömu skýrslu er svo sami virðisaukaskattur talinn til innskatts sem núllar út greiðslu á álöögðum virðisaukaskatti í tolli. Með þessum hætti þarf aðili aldrei að greiða virðisaukaskatt í tolli vegna aðfanga til hinnar virðisaukattsskyldu starfsemi, hvorki við innflutning þegar tollafgreiðsla á sér stað né á tilteknum gjalddaga álagðs virðisaukaskatts í tolli. Framangreint gildir ekki um vörur sem aðili á

¹⁶ Rúmenía er með mánaðarskil, ársfjórðungsskil, hálfárskil og ársskil.

¹⁷ Írland er með mánaðarskil, 2ja mánaða skil, *ársþriðjungsskil*, hálfárs skil og ársskil.

¹⁸ Það er Írland.

¹⁹ Ungverjaland og Þýskaland.

²⁰ Malta og Írland. Hjá Möltu er ársfjórðungsskil meginreglan en lítil fyrirtæki geta verið í ársskilum. Á Írlandi eru alls fimm uppgjörstímabil, sbr. nánar neðanmálgrein 17.

²¹ Það voru einnig lögfest ákvæði til bráðabirgða í vskl. fyrir sömu uppgjörstímabil sem heimiluðu aðilum að telja virðisaukaskatt vegna innflutnings til innskatts þrátt fyrir að ekki væri búíð að greiða hann.

virðisaukaskattsskrá flytur inn og er ætluð fyrir annað en skattskylda starfsemi hans. Í slíkum tilvikum ber aðila að greiða virðisaukaskatt við tollafgreiðslu.

Með þessu fyrirkomulagi getur rekstraraðili nýtt fjármagn sitt til annars en að greiða virðisaukaskatt um miðjan mánuð fram að því að hann á rétt á að fá hann endurgreiddan í formi innskatts við afgreiðslu á virðisaukaskattsskýrslu fyrir sama uppgjörstímabil.

Önnur aðflutningsgjöld sem kunna að leggjast á við innflutning á þeim vörum sem um ræðir, þarf að greiða á tilteknum gjalddaga sem er mismunandi eftir ríkjunum. Meginreglan er að þessi gjöld séu greidd einu sinni í mánuði á tilteknum gjalddaga fyrir næstliðinn mánuð. Þannig fylgir greiðsla annarra aðflutningsgjalda ekki uppgjörstímabilum í virðisaukaskatti hjá hverjum og einum rekstraraðila heldur er sami gjalddagi fyrir alla og greiðist ávallt einu sinni í mánuði. Sjá nánar umfjöllun í kafla VIII.

IV. Nánari upplýsingar um þær breytingar sem eru til skoðunar

1. Uppgjörstímabil virðisaukaskatts

Til skoðunar er að leggja til eftirfarandi breytingar á uppgjörstímabilum virðisaukaskatts:

- Uppgjörstímabil virðisaukaskatts verði tvö: Einn og tveir mánuðir.²²
- Aðilar sem voru með ársveltu yfir 60 m.kr. á næstliðnu almanaksári fari í mánaðarskil.²³ Aðrir verði í tveggja mánaða skilum nema þeir óski eftir því að vera í mánaðarskilum.
- Aðilar í tveggja mánaða skilum færast sjálfkrafa í mánaðarskil, nái velta þeirra yfir 60 m.kr. innan almanaksársins. Þeir færast þá í mánaðarskil eftir að tveggja mánaða uppgjörstímabilinu, þegar þeir fóru yfir veltumörkin, lýkur. Aðilar skili virðisaukaskatti mánaðarlega eftir það.
- Aðilar í mánaðar skilum færast ekki sjálfkrafa í tveggja mánaða skil nái ársvelta síðastliðins árs ekki 60 m.kr. Þeir geti hins vegar óskað eftir því að fara í tveggja mánaða uppgjörstímabil.
- Breyti aðili að eigin frumkvæði um uppgjörstímabil með þeim hætti sem lýst er hér að framan verður hann að vera í nýja uppgjörstímabilinu í að lágmarki eitt ár áður en hann getur óskað eftir að nota að nýju uppgjörstímabil til samræmis við heildarveltu næstliðins almanaksárs. Það er mikilvægt að komið sé í veg fyrir að aðilar séu að færa sig ótt og títt milli uppgjörstímabila.
- Framangreind veltumörk gildi einnig um aðila sem skráðir eru einfaldri skráningu á virðisaukaskattsskrá skv. 5. gr. B vskl.²⁴
- Aðilar sem eru að hefja starfsemi verði skráðir í mánaðarskil að lágmarki þar til þeir hafa verið skráðir á virðisaukaskattsskrá í eitt almanaksár. Með þessu er verið að sporna enn frekar gegn virðisaukaskattssvikum. Þegar aðilar hafa verið skráðir á virðisaukaskattsskrá í eitt almanaksár geti þeir óskað eftir að fara í tveggja mánaða skil ef velta þeirra á næstliðnu almanaksári var undir 60 m.kr.
- Aðilar sem hafa áður verið afskráðir af virðisaukaskattsskrá vegna áætlana, vanskila eða hafa ekki orðið við beiðnum Skattsins um upplýsingar um reksturinn, eða hafa orðið gjaldþrota á sl. fimm árum eða hafa ákveðin tengsl við félög sem hafa verið úrskurð gjaldþrota á sl. fimm árum verði áfram skráðir í mánaðarskil að lágmarki í tvö ár.
- Engin aukauppgjör verði heimil, líkt og nú er í boði (vikuskil fyrir fiskvinnslufyrirtæki, 2ja vikna skil fyrir sláturleyfishafa og aukauppgjör fyrir bændur). Öll skýrsluskil verði þar með rafræn.²⁵

²² Skoðað var sérstaklega hvort fella ætti brott 2ja mánaða skil og taka í staðinn upp 3ja mánaða skil líkt og tíðkast innan Evrópusambandsins. Niðurstaðan var að sú leið væri ekki fýsileg. 2ja mánaða skil hefur verið meginregla í vskl. allt frá gildistöku þeirra árið 1990. Aðilar eru vanir því að skila virðisaukaskatti á tveggja mánaða fresti. Með því að halda tveggja mánaða skilum munu þær breytingar sem hér eru lagðar til ekki hafa áhrif á 22.413 aðila sem þegar eru skráðir á virðisaukaskattsskrá og í tveggja mánaða skilum. Þeir halda áfram að vera í sama uppgjörstímabili og þeir hafa verið hingað til. Enn fremur er markmið breytinga á uppgjörstímabilum í virðisaukaskatti m.a. að jafna lausafjárstöðu ríkissjóðs og í því ljósi er ekki rökrétt að færa hluta af skráðum aðilum í lengra uppgjörstímabil en þeir eru í nú þegar. Þá er rétt að hafa hér í huga afstöðu Finnlands sem segir að hætta á að aðilar ráðstafi innheimtum virðisaukaskatti í aðrar skuldbindingar aukist eftir því sem uppgjörstímabilin verða lengri. Aukin heldur telur Hagstofan það vel ásættanlegt, m.t.t. þeirra lagalegu skuldbindinga sem á henni hvíla varðandi hagskýrslugerð, að áætla áfram mánaðarlega veltu hjá þeim sem eru með lægri lægri ársveltu en 60 m kr. Þá er til þess að líta að báðir skilamátarnir, þ.e. mánaðarskil og tveggja mánaða skil, eru nú þegar til staðar í tölvukerfum Skattsins og því hægt heimatökin fyrir Skattinn að framkvæma þessa breytingu.

²³ Þeir sem eru samskráðir skv. 5. gr. A vskl. – þar verður miðað við samtals heildarveltu þeirra.

²⁴ Samkvæmt 5. gr. B vskl. getur erlent atvinnufyrirtæki með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis, sem selur rafræna þjónustu, fjarskiptþjónustu eða útvarps- eða sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi, valið á milli almennrar skráningar á virðisaukaskattsskrá eða einfaldrar skráningar vegna skila á virðisaukaskatti hér á landi. Erlent atvinnufyrirtæki sem selur hingað til lands í áskrift blöð og tímarit á pappírformi og erlendu ferðaþjónustuaðili sem selur skattskylda þjónustu hingað til lands getur einnig valið á milli framangreindra skráningarleiða, ef salan á sér stað til annarra en atvinnufyrirtækja. Erlendu atvinnufyrirtæki sem skráir sig einfaldri skráningu er ekki heimilt að færa virðisaukaskatt af aðföngum sínum til innskatts. Aðilar skilar eingöngu virðisaukaskatti (útskatti) af seldri þjónustu og vörum.

²⁵ Í dag skila þeir sem eru í vikuskilum undirritaðri virðisaukaskattsskýrslu á pappír. Upplýsingarnar eru síðan slegnar handvirk inn.

- Óbreytt fyrirkomulag verði við afgreiðslu á inneignarskýrslum virðisaukaskatts. Þær verða afgreiddar innan þess tímaramma sem nú er í gildi.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til byggingaraðila

Verði framangreindar tillögur að veruleika þarf að taka sérstaklega til skoðunar hvort tilefni sé til að breyta fyrirkomulagi við endurgreiðslu á virðisaukaskatti til byggingaraðila. Aðila sem stundar byggingarstarfsemi á eigin kostnað, hvort sem hann hyggst selja fasteign, leigja hana eða nota sjálfur, ber að reikna og skila virðisaukaskatti af vinnu sem hann sjálfur og starfsmenn hans inna af hendi við hönnun og framkvæmdir. Einnig ber honum að reikna og skila virðisaukaskatti af notkun eigin eða leigðra tækja við byggingarframkvæmdirnar. Sé um íbúðarhúsnæði að ræða getur byggingaraðili sótt um endurgreiðslu á 35% af virðisaukaskatti vegna vinnu hans og starfsmanna hans við bygginguna. Sama gildir um virðisaukaskatt af aðkeyptri vinnu iðnaðarmanna (verktaka). Uppgjörstímabil endurgreiðslna eru tveir mánuðir. Endurgreiðsla getur aðeins farið fram ef byggingaraðili hefur staðið skil á almennri virðisaukaskattsskýrslu fyrir sama uppgjörstímabil og endurgreiðslubeiðni hans tekur til og skal endurgreiðslu virðisaukaskatts skuldajafnað á móti álögðum virðisaukaskatti sama tímabils. Skoða þarf hvort breyta þurfi uppgjörstímabilum þessara endurgreiðslna virðisaukaskatts úr tveimur mánuðum í einn mánuð hjá þeim byggingaraðilum sem verða í mánaðarskilum þannig að uppgjörstímabil endurgreiðslna fylgi áfram því uppgjörstímabili sem aðilar nota í almennum virðisaukaskattsskilum. Verði það niðurstaðan þá þarf einnig að gera sams konar breytingar hjá þeim sem selja eða framleiða verksmiðjuframléidd íbúðarhús og einingar og verða í mánaðarskilum og eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna við að byggja húsin og einingarnar í verksmiðju. Gera má ráð fyrir að grundvallar forsendan fyrir breytingum á gildandi fyrirkomulagi sé að stafvæða allt afgreiðsluferlið en í dag eru umsóknir byggingaraðila og aðila sem selja verksmiðjuframléidd íbúðarhús og einingar á pappírformi.

2. Gjalddagi virðisaukaskatts

Til skoðunar er að leggja til eftirfarandi breytingar á gjalddaga virðisaukaskatts:

- Gjalddagi virðisaukaskatts, fyrir bæði mánaðarskil og tveggja mánaða skil, verði 21. dag næsta mánaðar frá lokum uppgjörstímabils.

3. Virðisaukaskattur vegna innflutnings vöru fyrir skattskylda starfsemi

Til skoðunar er að leggja til eftirfarandi breytingar á uppgjöri virðisaukaskatts vegna innflutnings á vörum til skattskyldrar starfsemi hjá aðilum sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá:

- Núgildandi fyrirkomulag um greiðslufrest á virðisaukaskatti við innflutning verði fellt brott.
- Virðisaukaskattur verði áfram reiknaður við tollafgreiðslu vöru.
- Aðilar á virðisaukaskattsskrá, sem eru í skilum við ríkissjóð og sæta ekki áætlun virðisaukaskatts, þurfi ekki að greiða sérstaklega virðisaukaskatt vegna innflutnings vöru til hinnar skattskyldu starfsemi. Aðilarnir geri í staðinn grein fyrir virðisaukaskatti vegna innflutnings vöru á uppgjörstímabilinu í sérstökum (útskatts) reit á virðisaukaskattsskýrslu fyrir tímabilið. Á móti telji aðilar virðisaukaskatt vegna innflutnings vöru til innskatts á virðisaukaskattsskýrslunni. Þessar tvær fjárhæðir ættu að vera sama fjárhæðin og núllast þar með út á skýrslu.
 - Ekki verði hægt að færa hærri innskatt vegna innflutnings á virðisaukaskattsskýrslu en sem nemur álögðum virðisaukaskatti í tolli skv. tollakerfi Skattsins.
- Aðilum á virðisaukaskattsskrá beri að greiða virðisaukaskatt vegna innflutnings á vöru við tollafgreiðslu hennar ef varan varðar ekki skattskylda starfsemi þeirra.

- Aðilum á virðisaukaskattsskrá, sem eru í vanskilum við ríkissjóð, verði áfram gert að greiða virðisaukaskatt vegna innflutnings vöru við tollafgreiðslu hennar.


V. Helstu áhrif af breytingartillögum

1. Skipting aðila eftir uppgjörstímabilum

1.1. Samkvæmt gildandi regluverki

Samkvæmt upplýsingum frá Skattinum voru samtals 39.655 aðilar, einstaklingar og lögaðilar, sem skiluðu virðisaukaskattsskýrslu fyrir uppgjörstímabilið nóvember-desember eða desember 2023. Á mynd 1 sést fjöldi aðila í hverju uppgjörstímabili.

Mynd 1. Fjöldi aðila í hverju uppgjörstímabili virðisaukaskatts 2023



Af þeim 495 sem skráðir voru í mánaðarskilum voru 100 aðilar í reglulegum mánaðarskilum en 395 í sérstökum mánaðarskilum.²⁶

Af 38 aðilum sem skráðir voru í skilamáta vegna fiskvinnslu á árinu 2024 voru 28 sem skiluðu inneignarskýrslu vikulega og 10 sem skiluðu sjaldnar eða aldrei.

Af þeim níu aðilum sem heimild hafa til slátrunar og eru skráðir sem slíkir á virðisaukaskattsskrá voru sex aðilar sem skiluðu bráðabirgðaskýrslum vegna innskatts af innlögðum sauðfjárafurðum.


Til samanburðar við þau veltumörk sem eru í gildi í Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku þá voru samtals 15.967 aðilar á virðisaukaskattsskrá á árinu 2023 með heildarveltu yfir 15 m.kr., 1.462 aðilar voru með heildarveltu yfir 540 m.kr. og 831 með heildarveltu yfir 1.ma.kr.

²⁶ Í sérstökum mánaðarskilum eru þeir aðilar sem gert er að skila virðisaukaskatti mánaðarlega þar sem þeir hafa áður verið afskráðir af virðisaukaskattsskrá vegna áætlana, einstaklingar sem hafa orðið gjaldþrota og einstaklingar og lögaðilar sem hafa ákveðin tengsl við gjaldþrota félög.

1.2. Samkvæmt breytingartillögu

Á grundvelli upplýsinga frá Skattinum vegna rekstrarársins 2023 má gera ráð fyrir að 7.709 aðilar yrðu í mánaðarskilum. Það eru **19,4%** þeirra sem skráðir voru á virðisaukaskattsskrá. Þá yrðu samtals 31.946 aðilar í tveggja mánaða skilum. Það eru 80,6% þeirra sem skráðir voru á virðisaukaskattsskrá.

Mynd 2. Fjöldi aðila í hvoru uppgjörstímabili virðisaukaskatts 2023, samkvæmt tillögu



Til samanburðar þá eru um **47%** aðila á virðisaukaskattsskrá í Finnlandi í mánaðarskilum, 13% eru í ársfjórðungsskilum og 40% í ársskilum.²⁷ Í Svíþjóð eru um **20%** aðila á virðisaukaskattsskrá í mánaðarskilum, 33% eru í ársfjórðungsskilum og restin er í ársskilum. Í Danmörku eru **4%** í mánaðarskilum, 33% í ársfjórðungsskilum og 63% í hálfárskilum. Hlutfall skráðra í mánaðarskilum á Ísland yrði svipað hlutfalli þeirra sem eru í mánaðarskilum í Svíþjóð.

Hjá 21 ríki af 27 ríkjum Evrópusambandsins, sem miða við veltu næstliðins árs, eru veltumörkin á milli mánaðarskila og ársfjórðungsskila á bilinu 7,5 m.kr.,²⁸ til 1 ma.kr.²⁹ Þar af eru 9 ríki, eða **43%**, með veltumörkin undir 60 m.kr.³⁰ Hjá ríkjunum tveimur þar sem uppgjörstímabil ráðast af þeim virðisaukaskatti sem skilað var á næstliðnu almanaksári eru veltumörkin á bilinu 1,4 m.kr.³¹ til 5,8 m.kr., sé miðað við almenna virðisaukaskattsþrepið í ríkjunum.

- Miðað við fjölda aðila sem skráðir voru á virðisaukaskattsskrá í lok árs 2023 kæmu breytingar á uppgjörstímabilum ekki til með að hafa áhrif á uppgjörstímabil 22.886 aðila (57,7%). Um er að ræða þá aðila sem eru nú þegar skráðir í tveggja mánaða skilum (22.413 talsins) og mánaðarskilum (473 talsins) og verða það áfram.
- Færa þyrfti 7.236 aðila yfir í mánaðarskil. Þar af eru 6.969 þeirra í tveggja mánaða skilum, 260 eru í sex mánaða skilum og 7 eru í ársskilum.

²⁷ Um 20% þeirra sem geta verið í ársfjórðungsskilum velja að skila virðisaukaskatti mánaðarlega.

²⁸ Í tilviki Lettlands.

²⁹ Í tilviki Danmerkur.

³⁰ Það eru Lettland, Austurríki, Finnland, Rúmenía, Slóvakía, Króatía, Slóvenía, Frakkland og Litháen.

³¹ Í tilviki Ungverjaland.


- Færa þyrfti 9.533 aðila yfir í 2ja mánaða skil. Þar af eru 6.915 þeirra í ársskilum, 2.596 aðilar eru í sex mánaða skilum og 22 þeirra í mánaðarskilum.³²
- Að því er varðar þá sem eru í sex mánaða skilum yrðu 260 aðilar færðir í mánaðarskil og 2.596 aðilar færðir í tveggja mánaða skil.

2. Álagning virðisaukaskatts eftir tímabilum

2.1. Samkvæmt gildandi regluverki

Samkvæmt upplýsingum frá Skattinum vegna rekstrarársins 2023 skiptist álagning virðisaukaskatts, að frátöldum virðisaukaskatti í tolli, eftir mánuðum eins og sýnt er á mynd 3:

Mynd 3. Álagning virðisaukaskatts (án virðisaukaskatts í tolli) í hverjum mánuði 2023




Neikvæðar fjárhæðir í oddatöllum mánuðum eru tilkomnar vegna inneignarskýrslna virðisaukaskatts frá aðilum sem skráðir eru í mánaðarskilum. Þetta eru aðallega aðilar sem eru með veltu sem fellur undir 12. gr. vskl. (útflutningur o.fl.) og eru að jafnaði með innskatt hærri en útskatt.

³² Það er einnig möguleiki að breyta ekki uppgjörstímabilum hjá þeim sem nú þegar eru í mánaðarskilum en í staðinn gefa þeim, sem eru með ársveltu undir 60 m.kr., val um að færa sig í tveggja mánaða skil.

Sé virðisaukaskatti í tolli bætt við mynd 3 fæst mánaðardreifingin sem sýnd er á mynd 4. Virðisaukaskattur í tolli er samkvæmt tollafgreiðslum á árinu 2023 sem dreifast nokkuð jafnt milli mánaða. Dreifing virðisaukaskatts í heild sinni er hins vegar enn afar ójöfn.


Mynd 4. Álagning virðisaukaskatts að viðbættum virðisaukaskatti í tolli, í hverjum mánuði 2023



2.2. Samkvæmt breytingartillögu

Á grundvelli upplýsinga frá Skattinum vegna rekstrarársins 2023 og miðað við framangreinda skiptingu í tvö uppgjörstímabil myndi **82,1%** (samtals 94.042.609.908 kr.) af virðisaukaskatti skila sér mánaðarlega. Gera má ráð fyrir að fjárhæðin geti orðið hærri þar sem ætla má að einhverjir sem eru undir 60 m.kr. veltumörkunum vilji engu að síður vera í mánaðarskilum. Restin eða **17,9%** (samtals 20.516.316.598 kr.) af virðisaukaskatti myndi skila sér á 2ja mánaða fresti. Það athugist að virðisaukaskattur í tolli er ekki inni í þessum fjárhæðum.


Mynd 5. Álagning virðisaukaskatts 2023 (án virðisaukaskatts í tolli) skipt niður á uppgjörstímabil samkvæmt tillögu



Myndir 6 og 7 sýna hvernig ætla má að álagning virðisaukaskatts með og án virðisaukaskatts í tolli myndi dreifast eftir mánuðum ef uppgjörstímabilin og veltumörk eins mánaðar tímabilsins væru samkvæmt breytingatillögunum. Álagður virðisaukaskattur er áætlaður út frá virðisaukaskattsskýrslum einstakra aðila en dreifing virðisaukaskatts í tolli er áætluð hin sama og áður. Áfram er notast við gögn rekstrarársins 2023 og áréttað að um er að ræða álagningu en ekki greiðsluflæði í ríkissjóð.

Mynd 6 sýnir hvernig álagður virðisaukaskattur hefði dreifst á mánuði á árinu 2023 ef uppgjörstímabilin hefðu verið tvö og miðað hefði verið við 60 m.kr. veltumörk á milli uppgjörstímabila.


Mynd 6. Álagning virðisaukaskatts (án virðisaukaskatts í tolli) í hverjum mánuði 2023, samkvæmt tillögu



Á mynd 6 sést greinilegur munur á dreifingu virðisaukaskattsins frá því sem var í reynd árið 2023 sbr. mynd 3.


Mynd 7 sýnir hvernig ætla má að mánaðardreifing virðisaukaskatts samanlagt í álagningu og tolli hefði verið árið 2023 miðað við breytingatillögurnar.

Mynd 7. Álagning virðisaukaskatts að viðbættum virðisaukaskatti í tolli, í hverjum mánuði 2023 samkvæmt tillögu



Mynd 8 dregur saman mánaðardreifingu virðisaukaskatts (samanlagt í álagningu og tolli) eins og hún var í reynd árið 2023 (mynd 4) og hvernig ætla má að hún hefði verið sama ár miðað við tillögurnar (mynd 7).


Mynd 8. Álagður virðisaukaskattur ásamt virðisaukaskatti í tolli: samanburður á mánaðardreifingu árið 2023 og áætlaðri mánaðardreifingu skv. tillögu



Framangreind tölfræði og myndir miðast við uppgjörstímabil en ekki greiðslustreymi virðisaukaskatts. Núgildandi fyrirkomulag skapar tveggja mánaða mynstur í innstreymi virðisaukaskatts í ríkissjóð. Innstreymi er mikið á stóru gjalddögnum 15. dag oddamánaða og 5. dag sléttölumánaða en útstreymi innskatts verulegt við afgreiðslu inneignarskýrslna í öllum mánuðum og einkum í kjölfar gjalddagans í sléttölumánuðum.


Mynd 9 sýnir hreint innstreymi árið 2023 dreift á daga. Það athugist að endurgreiðslur skv. endurgreiðsluheimildum vskl. eru að mestu meðtaldar í þessum gögnum og samanlagt hreint innstreymi ársins því um 35 ma.kr. minna en ætla mætti af gögnum í myndum 3-8.

Mynd 9. Hreint innstreymi virðisaukaskatts árið 2023 eftir dögum.



Innstreymi virðisaukaskatts í hverjum mánuði árið 2023 er sýnt á mynd 10. Það var ekki jafn breytilegt og álagningin á mynd 4 gefur til kynna enda miðast innstreymið við hvenær virðisaukaskattur er greiddur en ekki hvaða uppgjörstímabil hann tilheyrir. Endurgreiðslum skv. endurgreiðsluheimildum vskl. er sleppt eins og í myndum 3-8 en ekki eru gerðar aðrar aðlaganir til að nálgast álagningu ársins. Greiðsluflæðið tekur þannig til almanaksársins 2023 og inn- og útborgunum vegna álagninga fyrri ára sem alltaf eru til staðar í einhverjum mæli er ekki sleppt. Mánaðardreifing greiðslustraumsins getur verið nokkuð breytileg milli ára, ekki síst vegna óreglulegra þátta eins og innflutnings fjárfestingarvöru. Hefðbundin árstíðarsveifla í veltu er þó alltaf sýnileg um hásumarið og í árslok. Áhrif tillagnanna á dreifingu tekjuinnstreymisins eftir mánuðum hafa ekki verið áætluð af nákvæmni og eru þau því ekki sýnd til samanburðar, en til þess þyrfti m.a. að skoða nánar samspil innlendrar veltu, inn- og útflutnings hjá stórum aðilum á virðisaukaskattsskrá. Það er þó ekki markmið tillagnanna að jafna mánaðardreifingu virðisaukaskatts sem slíka heldur fremur að inn- og útstreymi alljafna verði fyrirsjáanlegra og samræmist betur þörfum fjárstyringar ríkisins, auk annarra markmiða.

Mynd 10. Hreint innstreymi virðisaukaskatts árið 2023 eftir mánuðum



3. Áhrif á aðila sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá

Líkt og áður greinir kæmu breytingar á uppgjörstímabilum virðisaukaskatts til með að hafa áhrif á uppgjörstímabil hjá 42,3% (16.769 aðila) þeirra sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá. Breytingar á gjalddaga virðisaukaskatts kæmu til með að hafa áhrif á lausafjárstöðu aðila, sem eru að jafnaði með útskatt hærri en innskatt, þar sem svigrúmið til að nýta fjármunina í aðra þætti í rekstrinum þrengist. Breytingarnar myndu hins vegar hafa jákvæð áhrif á lausafjárstöðu aðila, sem ekki eru í mánaðarskilum, í þeim tilvikum þegar um inneignarskýrslu er að ræða (innskattur hærri en útskattur) þar sem inneignin fengist greidd fyrr en ella.

Ljóst er að breytt fyrirkomulag varðandi virðisaukaskatt í tolli hefði í för með sér mikinn fjárhagslegan ávinning fyrir þá innflutningsaðila sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá. Þeir þurfa þá ekki lengur að leggja út fyrir virðisaukaskatti í tolli eingöngu til þess að fá virðisaukaskattinn „endurgreiddan“ 20-40 dögum síðar.

Gera má ráð fyrir að breytingarnar hefðu heilt yfir jákvæð áhrif á aðila í bændaskilum þar sem þeir gera nú upp virðisaukaskatt tvisvar á ári. Fyrri hluta árs eru bændur venjulega með inneignarskýrslu, þ.e. innskattur er hærri en útskattur, en seinni hluta árs eru þeir með greiðsluskýrslu, þ.e. útskatt hærri en innskatt. Með því að fara í eins eða tveggja mánaða skil geta bændur fengið virðisaukaskatt af aðföngum til starfseminnar endurgreiddan örar á fyrri hluta ársins án þess að þurfa uppfylla skilyrði fyrir aukauppgjóri sem þarf að óska sérstaklega eftir.³³

Breytingarnar gætu leitt til aukinnar umsýslu fyrir þá aðila sem yrði gert að skila virðisaukaskatti oftari yfir árið þar sem þær kunna að ýta undir þörfina á að færa bókhald með reglulegri hætti en aðilar gera í dag auk þess sem þeir þyrftu að skila virðisaukaskattsskýrslum oftari. Á móti má halda því fram að bókhald sem fært er með reglulegri hætti sé jákvætt enda gefur það aðilum betri yfirsýn yfir tekjur, gjöld og virðisaukaskatt svo dæmi séu tekin.

Heilt yfir má gera ráð fyrir að breytingarnar dragi úr því að aðilar freistist til að ráðstafa innheimtum virðisaukaskatti til greiðslu á öðrum skuldbindingum sínum. Þá er rétt að geta þess að samkvæmt upplýsingum frá atvinnuvegaráðuneytinu, sem fer með málefni viðskiptalífsins, þ.m.t. félagarétt (bókhald, endurskoðendur og ársreikninga) ættu breytingar á uppgjörstímabilum ekki að leiða til vandkvæða í þeim bókhaldskerfum sem notuð eru hér á landi. Nú þegar er gert ráð fyrir bæði eins og tveggja mánaða uppgjörstímabilum í bókhaldskerfunum.

4. Áhrif á afkomu ríkissjóðs

Við þær breytingar á gjalddögum sem hér er fjallað um gæti árleg afkoma ríkissjóðs batnað um 2-2,5 ma.kr. í því vaxtaumhverfi sem nú er við lýði. Því styttri tími sem líður frá lokum uppgjörstímabils og þar til skattur er greiddur í ríkissjóð því minni verður þörfin á lántökum til skemmri tíma fyrir ríkissjóð. Miðað við gildandi fyrirkomulag við uppgjör og skil á virðisaukaskatti eru slíkar lántökur nauðsynlegar til að brúa regluleg bil í sjóðstreymi ríkissjóðs, sbr. umfjöllun í kafla. III.1 hér að framan.

5. Áhrif á þjóðhagsreikninga

Mánaðarleg tíðni á upplýsingum um virðisaukaskatt mun hafa bein jákvæð áhrif á verkefni Hagstofu við ýmsa skýrslugerð, þ.m.t. einfalda vinnslu, léttu svarbyrði fyrirtækja og bæta gæði niðurstaðna. Ekki yrði lengur þörf á sérstakri gagnaöflun af hálfu Hagstofu hjá hópi fyrirtækja auk þess sem Hagstofu yrði gert kleift að uppfylla skyldur sínar gagnvart ýmsum alþjóðlegum stofnunum um birtingu hagskýrslna. Ísland gæti með þessum hætti komist í hóp þeirra Evrópuríkja sem birtir m.a. frummat á þróun VLF innan 30-45 daga frá lokum ársfjórðungs líkt og flest Evrópuríki gera en eins og fram hefur komið hefur Ísland verið nokkur eftirbátur þar.

6. Áhrif á Skattinn (þ.m.t. tollasvið)

Gera má ráð fyrir að fækkun á uppgjörstímabilum virðisaukaskatts úr sex í tvö og þar með frekari samræming á gjalddögum virðisaukaskatts ásamt brottfalli á greiðslufresti í tolli muni auka skilvirkni og hraða í starfsemi Skattsins. Breytingarnar stuðla jafnframt að því að styrkja eftirlit Skattsins og möguleika hans á því að grípa fyrr inn í þegar um er að ræða vanskil á virðisaukaskattsskýrslum og/eða greiðslu virðisaukaskatts.

³³ Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. vskl. er ríkisskattstjóra heimilt að fallast á beiðni þeirra sem stunda landbúnað, og eru í bændaskilum, um aukauppgjör á virðisaukaskatti ef í ljós kemur að þeir eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á fjárfestingar- og rekstrarvörum. Skilyrði aukauppgjors er að útskattur á því tímabili sem beiðni um aukauppgjör tekur til nemi minna en tveimur þriðju hlutum innskatts á tímabilinu. Hvert aukauppgjör tekur til tveggja eða fjögurra almanaks mánaða, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 667/1995 um framtal og skil á virðisaukaskatti.

7. Áhrif á Fjársýsluna


Ekki er gert ráð fyrir að breytingarnar hafi bein áhrif á Fjársýsluna nema þá að fjöldi stofnaðra krafna vegna álagningar virðisaukaskatts mun taka breytingum.

8. Sveiflur í lausafjárstöðu ríkissjóðs


Eftirfarandi myndir sýna þróun sjóðstöðu ríkissjóðs eins og hún var í raun árið 2023 og þróun sjóðstöðu miðað við að allur virðisaukaskattur hefði verið innheimtur 21. hvers mánaðar og útgáfa ríkisvixla aðlöguð að því. Innheimta þann 21. hefði ekki jafn afgerandi áhrif og þann 1. en yrði þó breyting til batnaðar.

Myndir 11. Sjóðsstaða ríkissjóðs samkvæmt gildandi fyrirkomulagi og samkvæmt breytingartillögu

Raunþróun sjóðstöðu ríkissjóðs árið 2023, m.kr.



Sjóðsstaða ríkissjóðs árið 2023 hefði allur virðisaukaskattur verið innheimtur 21. hvers mánaðar og útgáfa ríkisvixla aðlöguð, m.kr.



Meðaltal tölugildis sveiflna í raunsjóðstöðu eftir dögum á árinu 2023 var 7,4 ma.kr. Með innheimtu þann 21. og endurröðun ríkisvixla lækkar meðaltalið í 6,5 ma.kr. Miðað við vikusveiflur lækka meðalsveiflur úr 22,8 ma.kr. í 21,2 ma.kr.

9. Breytingar á lögum, reglum o.fl.

Framangreindar tillögur kalla á umtalsverðar breytingar á ákvæðum vskl. og tollalaga, og ýmsum reglugerðum tengdum þeim. Tillögurnar kalla einnig á breytingar í tölvukerfum Skattsins, sér í lagi tollakerfinu. Enn fremur kalla tillögurnar á breytingar á virðisaukaskattsskýrslu forminu, framkvæmd eftir á leiðréttinga á virðisaukaskatti o.fl.

VI. Gjalddagar annarra aðflutningsgjalda en virðisaukaskatts vegna innflutnings á vöru fyrir skattskylda starfsemi

Aðflutningsgjöld eru tollur og aðrir skattar og gjöld sem greiða ber við tollmeðferð vöru við innflutning, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. tollalaga, nr. 88/2005. Að virðisaukaskatti frátöldum teljast til aðflutningsgjalda tollar, vörugjöld, kolefnisgjald, úrvinnslugjald og skilagjald.³⁴ Meginreglan er sú að greiða ber aðflutningsgjöld við innflutning á vöru til landsins. Líkt og greinir í kafla II.3 hér að framan njóta aðilar sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá sjálfkrafa greiðslufrests á aðflutningsgjöldum við innflutning enda séu þeir í skilum við ríkissjóð, sbr. 1. mgr. 121. tollalaga [nr. 88/2005](#). Þegar greiðslufrestur er veittur er hvert uppgjörstímabil aðflutningsgjalda tveir mánuðir í senn, janúar og febrúar, mars og apríl, og svo koll af kolli, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Gjalddagi skuldfærðra aðflutningsgjalda er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Ekki er gerð krafa um að aðilar leggi fram tryggingu til tryggingar skuldfærðum aðflutningsgjöldum. En ef þeir lenda í vanskilum við ríkissjóð fellur greiðslufrestur úr gildi.³⁵

Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum er til hagsbóta fyrir innflytjendur, sér í lagi fyrir þá sem eru í reglulegum innflutningi. Greiðslufrestur bætir sjóðsstreymi fyrirtækjanna þar sem þau geta komið vöru áfram í notkun (í eigin framleiðslu eða endursölu) án þess að hafa áður greitt aðflutningsgjöldin. Þá verður umsýsla við innflutning einfaldari þar sem aðeins þarf að greiða eina fjárhæð á gjalddaga hvers uppgjörstímabils í stað þess að greiða við hverja tollafgreiðslu.

Í Evrópusambandinu geta fyrirtæki sem skráð eru innflytjendur hjá tollyfirvöldum í sínu heimaríki óskað eftir því við tollyfirvöld að fá að fresta greiðslu á aðflutningsgjöldum. Hvert uppgjörstímabil aðflutningsgjalda getur að hámarkið verið einn mánuður. Það ræðst síðan af reglum í hverju aðildarríki hver er gjalddagi skuldfærðra aðflutningsgjalda. Þá geta tollyfirvöld krafist innflytjanda um að leggja fram tryggingu fyrir aðflutningsgjöldum á greiðslufresti.

Í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð er gerð krafa um tryggingu fyrir skuldfærðum aðflutningsgjöldum. Í Noregi ræður áhættumat tollyfirvalda á aðila hvort hann þurfi að leggja fram tryggingu. Í Danmörku og Finnlandi er uppgjörstímabilið venjulega einn mánuður. Gjalddaginn er 15. dag næsta mánaðar í Finnlandi, 16. dag næsta mánaðar í Danmörku og 18. dag næsta mánaðar í Noregi. Í Svíþjóð er uppgjörstímabilið ein vika í senn og gjalddagi í fjórðu viku frá lokum hvers uppgjörstímabils.

Með vísan til þess hvernig þessum málum er háttað í nágrannaríkjum er **jafnframt til skoðunar** hvort breyta skuli gildandi reglum um greiðslufrest á öðrum aðflutningsgjöldum með það fyrir augum að stytta uppgjörstímabil úr tveimur mánuðum í einn mánuð. Gjalddagi gæti verið sá sami og í tilviki virðisaukaskatts, þ.e. 21. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Helstu áhrif af þessari breytingu eru þær að hún tryggir reglulegra tekjuflæði til ríkissjóðs. Gera má ráð fyrir að stytting uppgjörstímabila geti haft áhrif á sjóðsstöðu aðila sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá. Á móti þá mun skattagjalddögum þeirra fækka. Í stað þess að aðili sem skráður er á virðisaukaskattsskrá

³⁴ Gjald á innflutt áfengi, tóbak og nikótínvörur fellur ekki undir tollkrítina. Í lögum nr. 96/1995 um gjald á áfengi, tóbak og nikótínvörur, er kveðið á um sérstakan greiðslufrest á því gjaldi. Í tilviki áfengis og nikótínvara er heimilt að veita greiðslufrest til eins almanaksmánaðar í senn og er gjalddagi gjaldsins annar virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils. Í tilviki tóbaksvara er fyrirkomulagið með öðrum hætti. ÁTVR leggur á tóbaksgjald af tóbaksvörum sem fluttar eru hingað til lands. Uppgjörstímabilið þar er einnig almanaksmánuður en gjalddaginn er fimmti dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

³⁵ Samkvæmt 121. gr. tollalaga er greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum háð því skilyrði að aðili sé ekki í vanskilum við ríkissjóð.

greiði álagningu virðisaukaskatts á einum degi mánaðarins og álagningu aðflutningsgjalda á öðum degi mánaðarins verða gjalddagar sameinaðir, á sama degi eða þann 21. hvers mánaðar.

Verði fyrirkomulagi varðandi virðisaukaskatt vegna innflutnings á vöru breytt til samræmis við tillögu samkvæmt V. kafla hér að framan en ekki talið tilefni til að hreyfa við gildandi fyrirkomulagi um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þarf engu að síður að tryggja það að greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum falli niður ef aðili er í vanskilum við ríkissjóð, þ.m.t. virðisaukaskatt.

Til upplýsinga þá var heildarfjárhæð aðflutningsgjalda rekstrarárið 2023 um 354 ma.kr. en virðisaukaskattur þar af um 274 ma.kr. Tollar, vörugjöld og annað nam því um 80 ma.kr. Sé litið fram hjá bensíngjöldum og olíugjaldi, sem fyrirhugað er að falli brott með lögfestingu frumvarps um kílómetragjald á ökutæki, standa eftir um 53 ma.kr. miðað við gögn ársins 2023.

VII. Þróun mála hjá Evrópusambandinu– Virðisaukaskattur á stafrænni öld innan ESB (ViDA - VAT in the Digital Age)

Í desember 2022 samþykkti Evrópusambandið tillögu að breytingum á virðisaukaskattstilskipun ráðsins í þeim tilgangi að gera virðisaukaskattskerfið þannig úr garði að það sé betur fært um að takast á við áskoranir og tækifæri stafræna hagkerfisins. Þannig byggir tillagan á þremur stoðum, 1) skýrslugerð rafræns virðisaukaskatts í rauntímaásamt skyldu til útgáfu rafrænna reikninga, 2) sértækar virðisaukaskattsreglur um svokölluð „platform“ sem bjóða aðilum að selja vörur/þjónustu í gegnum vefsíðu og 3) ein skráning á virðisaukaskattsskrá innan ESB fyrir þau fyrirtæki sem hafa með höndum starfsemi í fleiri en einu ríki innan sambandsins. Í mars 2025 lauk samþykktarferlinu með reglugerð sem var í nokkru frábrugðin upphaflegu tillögunni en þó með sömu þremur grunnstoðum.

Stærsta stoðin er sú sem varðar það að stafrænni virðisaukaskattsskýrslu verið skilað í rauntíma ásamt skyldu til að gefa út rafræna reikninga sem uppfylla tiltekin skilyrði einkum milli tveggja atvinnufyrirtækja. Þar miðast skýrsluskil til skattýfirvalda því sem næst við rauntíma, þannig að upplýsingar frá seljanda og kaupanda um viðskipti berast skattýfirvöldum strax í kjölfar viðskiptanna, sem nýtast m.a. við skatteftirlit.

Með því að ráðast í breytingar á uppgjörstímabilum og gjalddaga í virðisaukaskatti til samræmis við þær tillögur sem fjallað er um í V. kafla hér að framan færast Ísland nær því virðisaukaskattsumhverfi sem stefnt er að í Evrópu og þeim löndum sem við viljum vera samkeppnishæf við. Ljóst er að stafræn skil sem næst rauntíma er það sem koma skal og með því að stytta uppgjörstímabil í virðisaukaskatti og færa gjalddagann nær lokum uppgjörstímabils færumst við nær því regluverki sem verið er að innleiða í Evrópu. Verði ákveðið að halda áfram þróun á virðisaukaskattskerfinu hér á landi til samræmis við þær breytingar sem nú eru að eiga sér stað í Evrópu, er að minnsta kosti búið að taka fyrstu skrefin í áttina sem ætti að auðvelda næstu skref.

Viðauki I

Uppgjörstímabil og gjalddagar virðisaukaskatts á hinum Norðurlöndunum³⁶

	Mánaðarskil	Gjalddagi	2ja mánaða skil	Gjalddagi	Árstjórnungsskil	Gjalddagi	Hálfs árs skil	Gjalddagi	Ársskil	Gjalddagi	Nánari upplýsingar
Noregur			>NOK 1 m. (>ISK 13.6 m.)	10. dagur annars mánaðar					<NOK 1 m. (<ISK 13,6 m.)	10. mars næsta árs	Aðili verður að vera 1 ár á VSK-skrá áður en hann getur sótt um að fara í ársskil.
Danmörk	>DKK 50 m. (>ISK 1 ma.)	25. dag næsta mánaðar			DKK 5 – 50 m. (ISK 100 m. -1 ma.)	1. dag 3ja mánaðar (1. mars fyrir tb. 1.okt-31. des)	<DKK 5 m. (<ISK 100 m.)	1. dag 3ja mánaðar (1. mars fyrir tb. 1.júl-31.des)			
Svíþjóð	>SEK 40 m. (>ISK 540 m.)	26. dag næsta mánaðar			<SEK 40 m. (<ISK 540 m.)	12. dag annars mánaðar			<SEK 1 m. (<ISK 13,5 m.)	Skilað með skattframtali	
Finnland	>EUR 100.000 (>ISK 15 m.)	12. dag annars mánaðar			<EUR 100.000 (<ISK 15 m.)	12. dag annars mánaðar			<EUR 30 þús. (<ISK 4,5 m.)	Í lok febrúar næsta árs	

³⁶ Til hliðsjónar: Opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands 2.1.2024

Viðauki II

Uppgjörstímabil og gjalddagar virðisaukaskatts í ríkjum ESB³⁷

i) Uppgjörstímabil ráðast af heildarveltu á fyrra ári.³⁸

	Mánaðarskil	Gjalddagi	2ja mánaða skil	Gjalddagi	Ársfjórðungsskil	Gjalddagi	Hálfs árs skil	Gjalddagi	Ársskil	Gjalddagi	Nánari upplýsingar
Búlgaríá	Í öllum tilvikum	14. dagur næsta mánaðar									
Eistland	Í öllum tilvikum	20. dagur næsta mánaðar									
Lettland	>EUR 50.000 (< ISK 7,5 m.)	20. dagur næsta mánaðar			<EUR 50.000 (< ISK 7,5 m.)	20. dagur næsta mánaðar					Allir nýir á VSK skrá fara í mánaðarskil. Geta flutt sig yfir í ársfjórðungsskil eftir 6 mánuði. Ársfjórðungsskil nær ekki til þeirra sem selja vöru og þjónustu innan ESB.
Austurríki	>EUR 100.000 (>ISK 15 m.)	15. dagur annars mánaðar			<EUR 100.000 (<ISK 15 m.)	15. dagur annars mánaðar					Skila þarf bráðabirgðaskýrslum (BBS) ef árleg skattskyld velta fer yfir framangreind mörk (e. Provisional return). Þeir sem eru undir EUR 35.000 á ári þurfa ekki að innheimta VSK - en er heimilt að skrá sig á VSK-skrá.
Finland	>EUR 100.000 (>ISK 15 m.)	12. dag annars mánaðar			<EUR 100.000 (<ISK 15 m.)	12. dag annars mánaðar			<EUR 30.000 (<ISK 4,5 m.)	Í lok febrúar næsta árs	
Rúmenía	>EUR 100.000 (>ISK 15 m.)	25. dagur næsta mánaðar			<EUR 100.000 (<ISK 15 m.)	25. dagur næsta mánaðar	Skv. beiðni frá aðila - aðeins ef aðili er í starfsemi í 3 mánuði á 6 mánaða tímabili.		Skv. beiðni frá aðila - aðeins ef aðili er í starfsemi 6 mánuði á 12 mánaða tímabili.		Ef aðili er undir EUR 100.000 en á í viðskiptum með vörur á innri markaði ESB þá fer hann í mánaðarskil.
Slóvakía	>EUR 100.000 (>ISK 15 m.)	25. dagur næsta mánaðar			<EUR 100.000 (<ISK 1,5 m.)	25. dagur næsta mánaðar					Ársfjórðungsskil bundin við þá sem eru búnir að vera skráðir á VSK í að lágmarki 12 mánuði.
Króatía	>EUR 106.178 (>ISK 16 m)	Síðasti dagur næsta mánaðar			<EUR 106.178 (<ISK 16 m)	Síðasti dagur næsta mánaðar					Árleg velta með vsk Taxable persons making intra-Community supplies of goods and non-resident taxable persons must file monthly VAT returns Þeir sem skila ársfjórðungslega mega velja að skila mánaðarlega
Slóvenía	>EUR 210.000 (>ISK 31,5 m.)	Síðasti virki dagur næsta mánaðar			<EUR 210.000 (<ISK 31,5 m.)	Síðasti virki dagur næsta mánaðar					Nýskráðir fara í mánaðarskil fyrstu 12 mánuðina. Nokkrar aðrar undanþágur t.d. fyrir þá sem eiga í viðskiptum með vörur á innri markaði ESB og erlenda aðila (sem ekki eru með starfsstöð í landinu).
Frakkland	>EUR 236.000 þjón. (>ISK 35,4 m) >EUR 783.000 vörur (>ISK 117,5 m.)	Á bilinu 15-24 dögum eftir lok tímabilsins			Ef VSK til greiðslu árlega <EUR 4.000 (<ISK 600 þús.)	Á bilinu 15-24 dögum eftir lok tímabilsins			>EUR 236.000 þjón. (>ISK 35,4 m) <EUR 783.000 vörur (<ISK 117 m.)	Þurfa að greiða tiltekna fjárhæð fyrirfram.	Í Frakklandi er gerður greinamunur á vörum og þjónustu Ársfjórðungsskil ef árlegur skilaskyldur virðisaukaskattur er meiri en EUR 4000

³⁷ Byggt á upplýsingum úr *EU VAT Compass 2023/2024*, ritstj. Fabiola Annacondia (Amsterdam: IBFD, 2023).

³⁸ Til hliðsjónar: Opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands 2.1.2024

Litháen	Lögaðili: >EUR 300.000 (>ISK 45 m.)	25. dagur næsta mánaðar			Lögaðili: <EUR 300.000 (<ISK 45 m.)	25. dagur næsta mánaðar	Einstaklingar (lögaðilar í afmörkuðum tilvikum)	Gjaldddagi: 25. dagur næsta mánaðar			Aðilar geta óskað eftir flutningi í næsta skilamáta fyrir ofan.
Tékkland	>EUR 413.600 (>ISK 62 m.)	25. dagur næsta mánaðar			<EUR 413.600 (ISK 62 m.)	25. dagur næsta mánaðar					Hægt er að sækja um að skila ársfjórðungslega frá upphafi annars árs frá skráningu, að því gefnu að velta sé <EUR 413.600 – fleiri skilyrði, m.a. að skattaðili sé ekki samskráður með öðrum á VSK-skrá (sé ekki hluti af VAT Group), og skattýrvöld hafa ekki metið hann óáreiðanlegan.
Ítalía	Sala á þjónustu > EUR 500.000 (>ISK 75 m.) Önnur sala >EUR 800.000 (>ISK 120 m.)	16. dagur næsta mánaðar			Sala á þjónustu <EUR 500.000 (<ISK 75 m.) Önnur sala <EUR 800.000 (<ISK 120 m.)	16. dagur annars mánaðar					Aðgreining á þjónustuveitendum og skattaðilum (e. Service providers SP og other taxable person TP)
Lúxemborg	>EUR 620.000 (>ISK 93 m)	15. dagur næsta mánaðar			EUR >112.000- <620.000 (ISK >16,8 m.- <93 m.)	15. dagur næsta mánaðar			<EUR 112.000 (ISK <16,8 m)	2 mánuðum eftir lok tb.	
Portúgal	>EUR 650.000 (>ISK 97,5 m.)	10. dagur annars mánaðar			<EUR 650.000 (<ISK 97,5 m.)	15. dagur annars mánaðar					Árleg velta Val um að vera í mánaðarskillum en þá þarf að vera í amk 3 ár
Grikkland	>EUR 1.5 m (>ISK 225 m)	Síðasti virki dagur næsta mánaðar Heimilt að borga 50% mánuði síðar ef öll skil eru í lagi			<EUR 1.5 m (<ISK 225 m)	Síðasti virki dagur næsta mánaðar Heimilt að borga 50% mánuði síðar ef öll skil eru í lagi					
Belgía	>EUR 2,5 m. (>ISK 375 m.) Tiltekin starfsemi: >EUR 250.000 (>ISK 37,5 m)	25. dagur næsta mánaðar			≤EUR 2.5 m (≤ISK 375 m.) Tiltekin starfsemi: ≤EUR 250.000 (≤ISK 37,5 m)	20. dagur næsta mánaðar					Ef ársvelta er jöfn eða undir EUR 2,5 M (375 m ISK) Skila á ársfjórðungslega ef ársvelta er tilkomin vegna sölu á orkuafurðum (olía o.fl.), farsímum, tölvum og bifreiðum og veltan er jöfn eða undir EUR 250.00 (37,5 m ISK)
Svíþjóð	>SEK 40 m. (>ISK 540 m.)	26. dag næsta mánaðar			<SEK 40 m. (<ISK 540 m.)	12. dag annars mánaðar			<SEK 1 m. (<ISK 13,5 m.)	Skilað með skattframtali	
Spánn	>EUR 6.010 (>ISK 900 m.)	30. dagur næsta mánaðar			<EUR 6.010 (<ISK 900 m.)	20. dagur næsta mánaðar					Einnig þarf að skila mánaðarlega þegar um inngignarskýrslur er að ræða og þegar aðili er samskráður með öðrum á VSK-skrá (VAT group)
Danmörk	>DKK 50 m. (>ISK 1 ma.)	25. dag næsta mánaðar			DKK 5 – 50 m. (ISK 100 m. -1 ma.)	1. dag 3ja mánaðar (1. mars fyrir tb. 1.okt-31. des)	<DKK 5.000.000 (<ISK 100 m.)	1. dag 3ja mánaðar (1. mars fyrir tb. 1.júl-31.des)			

	Mánaðarskil	Gjalddagi	2ja mánaða skil	Gjalddagi	Ársfjórðungsskil	Gjalddagi	Hálfs árs skil	Gjalddagi	Ársskil	Gjalddagi	Nánari upplýsingar
Holland	Að kröfu skattýfirvalda eða skv. beiðni aðila	Síðasti dagur næsta mánaðar			MR	Síðasti dagur næsta mánaðar			<EUR 1.883 (<ISK 283.000) <EUR 10.000 (<ISK 1,5 m.) Þeir sem aðeins eiga í viðskiptum innan ESB.	31. mars næsta árs	Aðilar sem fara að jafnaði í mánaðarskil: •Aðilar með háa veltu (engin fyrirfram ákveðin mörk heldur metið í hverju tilviki fyrir sig) •Aðilar með háar endurgreiðslur á VSK •Aðilar sem eru að hefja rekstur •Aðilar sem eru með sögu um fylgnivanda (compliance issues) •Aðilar sem óska eftir að vera í mánaðarskilum
Kýpur	Að kröfu skattýfirvalda eða skv. beiðni aðila	10. dagur annars mánaðar			MR	10. dagur annars mánaðar					Aðilar sem fara að jafnaði í mánaðarskil: •Aðilar með háa veltu (engin fyrirfram ákveðin mörk heldur metið í hverju tilviki fyrir sig) •Aðilar með háar endurgreiðslur á VSK •Aðilar sem eru að hefja rekstur •Aðilar sem eru með sögu um fylgnivanda (compliance issues) •Aðilar sem óska eftir að vera í mánaðarskilum •Aðilar í ákveðnum atvinnugreinum (stór smásölu- og heilidsölu fyrirtæki, bygginga- og fasteignafyrirtæki, inn- og útlutningsaðilar, aðilar sem selja bensín og orku, aðilar sem selja rafræna þjónustu og útværps- og sjónvarpsþjónustu)
Pólland	Að kröfu skattýfirvalda eða skv. beiðni aðila	25. dagur næsta mánaðar			Lítill fyrirtæki (small businesses).	25. dagur næsta mánaðar					Aðilar sem eru nýir á skrá geta ekki skilað ársfjórðungslega fyrr en eftir 12 mánuði •Aðilar sem fara að jafnaði í mánaðarskil: •Aðilar með háa veltu (engin fyrirfram ákveðin mörk heldur metið í hverju tilviki fyrir sig) •Aðilar sem eru með háar endurgreiðslu á VSK •Aðilar sem eru að hefja rekstur Innflutnings- og útlutningsaðilar •Aðilar í starfsemi sem metin er almennt áhættusöm (viðskipti með olíu, bensín og rafmagn) •Aðilar sem eru með sögu um fylgnivanda (compliance issue) •Aðilar sem óska eftir að vera í mánaðarskilum
Malta	Fyrir þá sem eru með inneignarskýrslur (innskattur hærrí en útskattur)	15. dagur annars mánaðar			MR	15. dagur annars mánaðar			Ef skráð lítið fyrirtæki (small businesses)		MR er ársfjórðungur en ef skattaðili er skráður sem lítið fyrirtæki, þá er það ár. Það er hegt að sækja um að skila mánaðarlega ef innskattur er almennt hærrí en útskattur.

ii) Uppgjörstímabil ráðast af fjárhæð virðisaukaskatts sem var til greiðslu á fyrra ári.³⁹

	Mánaðarskil	Gjalddagi	2ja mánaða skil	Gjalddagi	Ársfjórðungsskil	Gjalddagi	Hálfs árs skil	Gjalddagi	Ársskil	Gjalddagi	Nánari upplýsingar
Ungverjaland	Árlegur VSK til greiðslu >EUR 2500 (> ISK 380 þús.) Jafngildir ISK 1,4 m. veltu m.v. almenna VSK þrepið sem er 27%	20. dagur næsta mánaðar			Árlegur VSK til greiðslu EUR 620 - 2500 (ISK 93 þús -380 þús.)	20. dagur næsta mánaðar			Árlegur VSK til greiðslu <EUR 620 (<ISK 93 þús.)	25. febrúar næsta árs	Nýr skattaðili þarf að skila mánaðarlega í tvö ár áður en hann getur farið í lengri tímabil
Þýskaland	Árlegur VSK til greiðslu >EUR 7.500 (ISK 1,1 m.) Jafngildir ISK 5,8 m. veltu (m.v. almenna vsk þrepið sem er 19%)	10. dagur næsta mánaðar			Árlegur VSK til greiðslu <EUR 7.500- >1.000 (ISK <1,1 m. - >150 þús.)	10. dagur næsta mánaðar			Árlegur VSK til greiðslu <EUR 1.000 (<ISK 150 þús.)	31. júlí næsta árs	
	Mánaðarskil	Gjalddagi	2ja mánaða skil	Gjalddagi	Ársþriðjungsskil	Gjalddagi	Hálfs árs skil	Gjalddagi	Ársskil	Gjalddagi	Nánari upplýsingar
Írland	Fyrir þá sem eru með inneignarskýrslur (innskattur hærrí en útskattur) Einnig skv. beiðni aðila	19. dagur næsta mánaðar	MR	19. dagur næsta mánaðar	Árlegur VSK til greiðslu EUR 3.001 -14.400 (ISK 450 þús.-2.2 m.)	19. dagur næsta mánaðar	Árlegur VSK til greiðslu ≤ EUR 3.000 (≤ ISK 450 þús)	19. dagur næsta mánaðar	Reglulegar fyrirfram greiðslur er skilyrði	23. dagur næsta mánaðar	

³⁹ Til hliðsjónar: Opinbert viðmiðunargengi SÍ 2.1.2024